# GJALDSKRÁ

**Akureyrarkaupstaðar um ýmis gjöld skv. skipulags- og byggingarlögum.**

1. gr.

Vegna byggingarleyfa skal greiða eftirfarandi gjöld:

*1.1. Íbúðarhúsnæði.*

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Einnig eru gjöld vegna grenndarkynninga og yfirferðar séruppdrátta.

| | kr. | |
|---|---|---|
| 1. Einbýlishús | 92.460 | |
| 2. Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð | 77.051 | pr. íbúð |
| 3. Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum | 64.723 | pr. íbúð |
| 4. Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri | 55.476 | pr. íbúð |
| 5. Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri | 46.230 | pr. íbúð |
| Umsýslugjald vegna minni grenndarkynninga | 12.396 | |
| Umsýslugjald vegna stærri grenndarkynninga | 43.385 | |

Vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppdrátta verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

*1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir.*

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Einnig eru gjöld vegna grenndarkynninga og yfirferðar séruppdrátta.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum:

| | kr. |
|---|---|
| 6. Gólfflötur allt að 500 fermetrar | 92.460 |
| 7. Gólfflötur 500 – 1000 fermetrar | 167.343 |
| 8. Gólfflötur 1001 – 2000 fermetrar | 247.916 |
| 9. Gólfflötur 2001 – 5000 fermetrar | 371.874 |
| 10. Gólfflötur stræri en 5000 fermetrar | 495.832 |
| Umsýslugjald vegna minni grenndarkynninga | 12.396 |
| Umsýslugjald vegna stærri grenndarkynninga | 43.385 |

Vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppdrátta verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

*1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.*

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Einnig eru gjöld vegna grenndarkynninga og yfirferðar séruppdrátta.

| | kr. |
|---|---|
| 11. Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús, viðbyggingar allt að 20 m² | 38.525 |
| 12. Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar | 53.935 |
| Umsýslugjald vegna minni grenndarkynninga | 12.396 |
| Umsýslugjald vegna stærri grenndarkynninga | 43.385 |

Vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppdrátta verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

*Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

| | kr. |
|---|---|
| Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar | 74.375 |
| Hver endurskoðun aðaluppdrátta | 9.510 |
| Endurnýjun leyfis án breytinga | 6.793 |
| Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt | 15.624 |
| Úttekt og vottorð vegna vín- og veitingaleyfa | 15.624 |
| Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta | 4.339 |
| Framkvæmdaleyfi | 37.187 |
| Fyrir breytingu á lóðarsamningi | 27.173 |
| Úttekt vegna leiguhúsnæðis | 15.624 |

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi:
Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt er að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

*Breytingar á fjárhæð gjalda.*

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2007 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í desember 2007 er 377,7 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 188/2005.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar 11. desember 2007.

*Akureyri, 29. febrúar 2008.*

**Inga Þöll Þórgnýsdóttir** bæjarlögmaður.

---